- 961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kaupsins.
- 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
- 966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kaupsins.
- 982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
- 986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
- 988 Flugvallarvegur Örafum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

### 3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA.

#### 3.2.1. Stofnbrautir.

- |                                   |                                     |
|-----------------------------------|-------------------------------------|
| 1 Suðurlandsvegur.                | 415 Bessastaðavegur:                |
| 30 Skeiða- og Hrunamannavegur:    | Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur. |
| Suðurlandsvegur — Flúðir.         | 416 Álftanesvegur.                  |
| 31 Skálholtsvegur.                | 421 Vogavegur.                      |
| 33 Gaulverjabæjarvegur:           | 422 Njarðvíkurvegur.                |
| Stokkseyri — Eyrarbakkevegur.     | 431 Hafravatnsvegur.                |
| 34 Eyrarbakkevegur.               | Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.   |
| 35 Biskupstungnabraut:            | 433 Reykjalandarvegur.              |
| Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur. | 51 Akranesvegur.                    |
| 36 Þingvallavegur.                | 54 Ólafsvíkurvegur.                 |
| 37 Laugarvatnsvegur.              | 55 Heydalsvegur.                    |
| Biskupstungnabraut — Laugarvatn.  | 56 Kerlingarskarðsvegur.            |
| 38 Þorlákshafnarvegur.            | 58 Stykkishólmsvegur.               |
| 39 Þrengslavegur.                 | 57 Snæfellsnesvegur.                |
| 343 Álfsstétt.                    | 574 Útnesvegur:                     |
| 1 Vesturlandsvegur.               | Hellissandur — Ólafsvík.            |
| 40 Hafnarfjarðarvegur.            | 60 Vestfjarðavegur.                 |
| 41 Reykjanesbraut.                | 61 Djúpvogur.                       |
| 43 Grindavíkurvegur.              | 62 Barðastrandarvegur.              |
| 45 Garðskagavegur:                | 63 Bíldudalsvegur.                  |
| Reykjanesbraut — Sandgerði.       | 64 Flateyrarvegur.                  |
| 46 Víkavegur:                     | 65 Súgandafjarðarvegur:             |
| 47 Flugvallarvegur Keflavík.      | Vestfjarðavegur — Suðureyri.        |
| 411 Arnarnesvegur.                | 68 Hólmavíkurvegur.                 |
| 412 Vífilsstaðavegur.             |                                     |

- |   |  |
|---|--|
| <p><b>617 Tálknafjarðarvegur:</b><br/>Bíldudalsvegur — Tálknafjörður.</p> <p><b>1 Norðurlandsvegur.</b></p> <p><b>72 Hvammstangavegur.</b></p> <p><b>74 Skagastrandarvegur.</b></p> <p><b>75 Sauðárkróksbraut.</b></p> <p><b>76 Siglufjarðarvegur.</b></p> <p><b>77 Hofsósbraut.</b></p> <p><b>82 Ólafsfjarðarvegur.</b></p> <p><b>85 Norðausturvegur.</b></p> <p><b>808 Árskógssandsvegur.</b></p> <p><b>821 Eyjafjarðarbraut vestri:</b><br/>Norðurlandsvegur — Miðbraut.</p> | <p><b>823 Miðbraut.</b></p> <p><b>829 Eyjafjarðarbraut eystri:</b><br/>Norðurlandsvegur — Miðbraut.</p> <p><b>845 Aðaldalsvegur.</b></p> <p><b>1 Austurlandsvegur.</b></p> <p><b>92 Norðfjarðarvegur.</b></p> <p><b>93 Seyðisfjarðarvegur.</b></p> <p><b>96 Suðurfjarðavegur.</b></p> <p><b>97 Breiðdalsvíkurvegur.</b></p> <p><b>98 Djúpavogsvegur.</b></p> <p><b>99 Hafnarvegur.</b></p> |
|---|--|

### 3.2.2. Þjóðbrautir.

Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

### 3.3. AÐALFJALLVEGIR.

- F22 Fjallabaksleið nyrðri:**  
Af Landvegi (26) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).
- F28 Sprengisandsleið:**  
Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Pveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).
- F35 Kaldadalsvegur:**  
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).
- F37 Kjalvegur:**  
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).
- F72 Skagafjarðarleið:**  
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).
- F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).**
- F82 Eyjafjarðarleið:**  
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).
- F98 Gæsavatnaleið:**  
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptýppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

## Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

### 0. INNGANGUR.

#### 0.1. HEILDARFJÁRMAGN.

Samkvæmt markmiðum langtímaáætlunar um vegagerð skyldu útgjöld til vegáætlunar verða sem svarar 2,4% af þjóðarframleiðslu frá og með árinu 1985. Í þessari áætlun er gengið út frá að við þessi markmið verði staðið að frátöldu árinu 1987 en þá er framlag í samræmi við fjárlög.

Sú viðmiðun við þjóðarframleiðslu sem sett var fram í langtímaáætlun byggði á eldri grunni við útreikning hennar. Nú hefur hins vegar verið breytt um aðferðir við útreikning þjóðarframleiðslu og er eldri grunnur útreiknings 89,2% af þeim nýja og nýtt hlutfall miðað við sömu upphæð 2,14%.

Upphæð þjóðarframleiðslu er samkvæmt nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar og allar tölur eru á verðlagi fjárlaga þ.e. meðaltal ársins 1987. Aukning þjóðarframleiðslu eftir 1987 er eins og áætlað var í langtímaáætlun 2,5% á ári.

Í samræmi við ofangreindar forsendur verður fjármagn vegáætlunar 1987—1990 eins og fram kemur á töflu hér á eftir.

	Aukin Þjóðarfrl. framl.	Þjóðarfrl. nýr grunnur mkr.	Þjóðarfrl. gamall grunnur mkr.	Hlutf. til vegamála	Útgjöld til vegamála m.kr.
1987 .....	4,0%	164 000	146 300	1,5%	2150
1988 .....	2,5%	168 100	149 900	2,4%	3600
1989 .....	2,5%	172 300	153 700	2,4%	3690
1990 .....	2,5%	176 600	157 500	2,4%	3780

#### 0.2 VERÐGRUNDVÖLLUR ÁÆTLUNARINNAR.

Allar tölur í þessari áætlun eru settar fram á sama verðlagi, verðlagi fjárlaga, sem er áætlað meðalverðlag ársins 1987. Er það talið vera um 5% hærra en verðlag í lok ársins 1986. Gert er ráð fyrir, að verðlag árána 1988—90 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

	1985	1986	1987—1990
Vísitölur vegagerðar .....	1545	1770	2100
Hækkun .....		14,6%	18,6%

Hækkanir vísitölu vegagerðar urðu nokkuð minni á árinu 1986 en á vísitölu byggingar-kostnaðar m.a. vegna hins lága olíuverðs og taxta vinnuvéla. Af þessum ástæðum er áætluð meðalhækkun vegagerðarvísitölu milli 1986 og 1987 heldur meiri en almennar hækkanir.

#### 0.3. TENGLI VEGÁÆTLUNAR OG LANGTÍMAÁÆTLUNAR.

Vegáætlun sú sem hér er fjallað um tekur til annars tímabils langtímaáætlunar. Við skiptingu útgjalda er byggt á langtímaáætlun en einnig er höfð hliðsjón af síðari tveim árum vegáætlunar 1985—1988. Á föstu verði felur tillagan í sér 30% minnkun fjármagns 1987, þar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er skert miðað við langtímaáætlun. Hin árin er nokkur aukning þannig að ef litið er á tímabilið allt er framkvæmdarmagn næstum það sama og stefnt var að á öðru tímabili langtímaáætlunar.

Hér á eftir verður borið saman það fjármagn, sem varið hefur verið til nýbygginga og sumarviðhalds á árunum 1983—1986 og það fjármagn sem verja átti til þessara verkefna samkvæmt langtímaáætlun. Allar tölur eru á verðlagi vegáætlunar þ.e. vt 2100.

	1983	1984	1985	1986	Samt.	Hlutf.
<b>Nýjar framkv.:</b>						
Langtímaáætlun .....	1165	1258	1380	1387	5190	100%
Vegáætlun .....	926	1065	1054	1010	4053	78%
<b>Sumarviðhald:</b>						
Langtímaáætlun .....	749	781	822	865	3217	100%
Hlutf. af þörf .....	80%	82%	85%	88%		
Vegáætlun .....	587	723	745	712	2767	86%
Hlutf. af þörf .....	63%	76%	77%	72%		

## I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1987—1990.

### 1.1 MARKAÐAR TEKJUR.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir tekjum af mörkuðum stofnum Vegagerðarinnar. Árið 1987 er í samræmi við fjárlög, en meginforsenda fyrir seinni árin er að tekjur aukist á föstu verði sem næst 2,5%. Heildartekjur eru áætlaðar eins og fram kemur í töflu hér að neðan.

Ár	Bensín- gjald	Pungask. km-gjald	Pungask. árgjald	Samtals
1987 .....	1450	540	160	2150
1988 .....	1500	555	165	2220
1989 .....	1540	570	170	2280
1990 .....	1580	585	175	2340

#### 1.1.0 Spá um bifreiðafjölda.

Bifreiðum hefur fjölgað mjög ört hér síðustu árin. Er nú svo komið að bifreiðaeign á íbúa er að verða með því hæsta sem þekkt í heiminum. Eflaust eru margar ástæður fyrir mikilli bifreiðaeign Íslendinga, en telja má að þar vegi þungt strjálbýli og miklar vegalengdir ásamt því, að bifreiðin er tiltölulega hagkvæmur kostur til fólks- og vöruflutninga. Fjölgun bifreiða er eðlilega mjög sveiflukennd milli ára og endurspeglast þar almennt ástand efnahagsmála. Sem dæmi má nefna, að síðustu 10 ár var fjölgun bifreiða milli einstakra ára mest 7,9%, minnst 0,2%

Árbyrjun	Fólks- bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Fólksfl. bílar	Vöru- bílar	Burðargeta vörub.(tonn)	Bifr. alls
1960 .....	14.228	89	325	5.703		20.256
1970 .....	37.304	183	555	5.727	23.525	43.586
1980 .....	81.025	357	1.117	7.873	39.394	90.015
1985 .....	100.477	415	1.165	11.560	50.697	113.202
Árleg aukn. s.l. 10 ár .....	7,0%	6,2%	5,1%	6,8%		

Mikill innflutningur bíla var á síðasta ári en gert ráð fyrir að meðaltali 2,5% árlegri aukningu næstu 4 árin.

Ár	Bifreiða- fjöldi 1/7	Par af með bensínhreyfli	Innfluttir bílar
1987 .....	124.000	111.400	10.000
1988 .....	128.300	115.200	10.000
1989 .....	132.800	119.300	10.000
1990 .....	137.500	123.500	10.000

### 1.1.1. Tekjur af bensíni.

Tekjur af bensíni eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bíl svo og upphæð bensínjaldsins og annarra skattstofna. Síðastliðin ár hefur meðaleyðslan minnkað eins og sést á eftirfarandi töflu.

	1970	1975	1980	1985	1986
Meðaleyðsla á bifreið .....	1.732	1.623	1.412	1.275	1.260

Áætlað er að meðaleyðsla haldi áfram að minnka eitthvað. Bensínsala eykst á þessu ári um 3 mltr. og síðan um 2,5% á ári hin þrjú árin. Bensínjaldið var hækkað nú 1. jan. í 10,49 kr/ltr. úr 9,54 kr/ltr. Er öll áætlunin sett fram á því verðlagi.

Ár	Fjöldi bíla	Meðal- eyðsla	Notkun m.ltr.	Bensínj. kr/ltr.	Bensínj. m.kr.
1987 .....	111.400	1.250	139,5	10,49	1450
1988 .....	115.200	1.240	143,0	10,49	1500
1989 .....	119.300	1.230	146,5	10,49	1540
1990 .....	123.500	1.220	150,5	10,49	1580

### 1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er greiddur af díselbílum og samsvarar hann bensínjaldi hjá bensínbílum. Þungaskattur er tvennskonar. Annars vegar er árgjald og hins vegar km-gjald. Árgjald er eins og nafnið bendir til fast árlegt og hækkar eftir eigin þyngd bílsins. Aðalreglan er sú, að það er innheimt af díselbílum sem eru að heildarþunga 3 tonn og minni. Þó er eigendum þeirra heimilt að velja á milli km-gjalds og árgjalds. Þetta er viss galli á kerfinu þar sem hver og einn hefur möguleika á að velja það skattform sem heldur skatti þeirra í lágmarki. Önnur frávik frá aðalreglunni eru þau að af bílum í eigu bænda er greitt hálf gjald.

Km-gjald fyrir hvern ekinn kílómetra er greitt af öðrum díselbílum og er það stighækkandi eftir þyngd. Gjaldið er innheimt þrisvar sinnum á ári.

Áætlun um tekjur af þungaskatti gerir ráð fyrir um 2,5% aukningu á ári. Taxtar þungaskatts voru hækkaðir um 10% um sl. áramót og eru seinni árin einnig á því verði.

(Upphæðir í m.kr.)

Ár	Árgjald	Km-gjald	Samtals
1987 .....	160	540	700
1988 .....	165	555	720
1989 .....	170	570	740
1990 .....	175	585	760

## 1.2. ÖNNUR FRAMLÖG.

Ekki er tekin afstaða til þess með hvaða hætti það, sem á vantar til að ná fjárhagslegum markmiðum áætlunarinnar, verður fjármagnað, en ljóst er að það verður ekki nema að hluta gert með hækkun markaðra stofna Vegagerðarinnar.

	1987	1988	1989	1990
Önnur framlög .....	0	1330	1410	1440

## II. SKIPTING ÚTGJALDA 1987—1990.

### 2.0. STARFSMANNAMÁL.

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 371 um síðustu áramót í 365 stöðugildum. Þar af var 151 starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna í 146 stöðugildum, en heimilud stöðugildi eru 156. Ekki er gert ráð fyrir að heimiludum stöðugildum verði fjölgað á áætlunartímabilinu, en þörf er fyrir þau stöðugildi, sem fyrir hendi eru.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

### 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

#### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst rekstur aðalskrifstofu í Reykjavík og bókhaldsskrifstofa í umdæmum. Frá árinu 1987 var tekið í notkun nýtt tölvuvinnslukerfi fyrir bókhald ríkisins (BÁR 2). Fyrra úrvinnslukerfi hafði verið í notkun í um 3 ár og ekki reynst sem skyldi. Nýja kerfið er mjög sveigjanlegt í uppbyggingu og svarar vel þörfum framkvæmdastofnunar sem Vegagerðarinnar. Kerfið er með fullkominni sívinnslu og verður lögð áhersla á að minnka útskriftir á pappír sem mest. Verður á árinu 1987 haldið áfram að þróa og nýta möguleika hins nýja kerfis.

Þá verður einnig frá árinu 1987 breytt til með bókhaldslega meðferð kostnaðar við rekstur og framkvæmdir. Þessi breytta skipan eykur fjárhagslegt sjálfstæði umdæma á rekstrarliðum og markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni í rekstri.

### Fastir starfsmenn 31. desember 1986.

	Reykja- vík	Suður- land	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Samtals des. 1986
Skrifstofa, yfirstjórn .....	24	2		3	2	2	3	2	38
Tæknilegur undirbúningur .....	33	5	5	6	5	5	7	5	71
Vegaeftirlit .....	5								5
Starfsm. áhaldah.skv. lfl. BSRB ..	15	1					1	1	18
Iðnlærðir verkstjórar .....	8	1		3	1	2	4	3	22
Verkstjórar .....	2	7	5	9	7	6	11	11	58
Iðnaðarmenn .....	14	2		5	1	2	3	3	30
Vélamenn .....	7	7	7	15	13	7	11	12	79
Verkamenn .....	10	6	1	4	2	4	6	5	38
Ráðskonur, matreiðslumenn .....	5	1		1	1	1	2	1	12
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsmenn í desember 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsmenn í desember 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470

#### 2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þess liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofu. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmiss konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

#### 2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirliti og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannhald í sambandi við aflestra.

#### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem hafa engan eða lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1984 nutu alls 36 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa flestir greitt iðgjöld það lengi.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

### 2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförunum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti.

Fyrir nokkrum árum var gerð úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega en við þá úttekt voru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur Svía og Norðmanna til sinna þjóðvega.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ.e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar á árunum 1979—85 verið frá 59% til 79% af reiknaðri fjármagnsþörf sumarviðhalds.

Nú er unnið að endurskoðun á fjármagnsþörf til sumarviðhalds. Sú endurskoðun mun m.a. taka mið af þeirri aukningu sem orðið hefur á bundnum slitlögum og þeirri reynslu sem fengist hefur af endingu þeirra. Ljóst þykir að slík endurskoðun mun leiða af sér einhverja röskun á fjárþörf milli liða, umfram það sem kemur fram í þessum tillögum. Þessari endurskoðun verður ekki lokið fyrir afgreiðslu vegáætlunar nú en tekið verður mið af henni við næstu endurskoðun. Ekki er líklegt að heildarþörf fyrir viðhaldsfé muni breytast mikið við endurskoðunina.

Enn er mikið af malarvegum með mjög þunga umferð og erfitt að halda þeim í viðunandi ástandi. Í lok ársins 1986 eru um 30 km með meiri sumardagsumferð en 1000 bíla, 200 km með meira en 500 bíla á dag og 1170 km með meira en 200 bíla sumardagsumferð.

Gerð er tillaga um að fjárveiting 1987 verði 671 m.kr. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 1,5% á ári vegna aukinnar umferðar, og að lagðir séu um 200 km af bundnum slitlögum á ári. Tillögur fyrir 1987 verða að skoðast sem algert lágmark.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar tillögur um fjárveitingar til viðhalds þjóðvega.

	1987	1988	1989	1990
		Tillögur í m.kr.		
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	198	198	202	210
2. Viðhald vega með bundið slitlag	151	151	154	160
3. Viðhald brúa	31	31	32	33
4. Viðhald varnargarða	4	4	4	4
5. Heflun vega	112	112	115	119
6. Rykbinding	41	41	42	44
7. Vinnsla efnis	105	105	107	111
8. Vatnask. og ófyrirséð	23	23	24	25
9. Vegmerkingar	6	6	6	6
	671	671	686	712

#### 2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð, en efnisgæði, úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag eins og hér er tilgreint, miðað við lengd malarvega í árslok 1986.



Sumardagsumferð bílar/dag	Ár á milli endurnýjunar slitlags	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endur- nýjun slitlags km
Minni en 50 .....	10,0	2521	252
50— 100 .....	8,5	1306	154
100— 200 .....	6,5	1807	278
200— 300 .....	5,0	558	112
300— 500 .....	3,5	413	118
500— 750 .....	2,5	153	61
750—1000 .....	2,0	17	9
Meira en 1000 .....	2,0	30	15

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en alltof oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast. Þetta er m.a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum. Árið 1985 skiptist kostnaður við viðhald malarvega, efnisvinnslu og vatnaskemmda sem hér segir, á áætluðu verðlagi 1987.

	M.kr.	%
Eftirlit og hreinsun .....	37,6	8,5
Umferðarmerki, stíkur og leiðarar .....	24,5	5,6
Mölbúður .....	84,5	19,2
Efnisvinnsla .....	74,2	16,8
Ræsi, skurðir, rásir .....	30,2	6,9
Viðgerðir og styrking á malarvegum .....	120,1	27,3
Vatnaskemmdir .....	13,0	2,9
Sérstök verk .....	56,6	12,8
Samtals	440,7	100,0

Kostnaður við eftirlit, hreinsun, stíkur og umferðarmerki er bæði vegna malarvega og vega með bundnu slitlagi.

#### 2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Árið 1985 var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 128 m.kr. sem skiptist á eftirtalda kostnaðarliði, á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1987.

	M.kr.	%
Vegmálun .....	14,7	11,5
Umferðarljós, lýsing .....	9,0	7,1
Yfirlagnir .....	80,7	63,3
Axlar, gangbrautir .....	8,3	6,5
Viðgerðir .....	14,8	11,6
Samtals	127,5	100,0

Fjármagnspörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við lengd bundins slitlags í árslok 1986 og áætlaða aukningu til loka áætlunartímabilsins.

#### 2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldspörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

#### 2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 4 m.kr. verði varið á ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla að þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

#### 2.2.1.5. Vegheflun.

Árið 1985 varð kostnaður við heflun malarvega 104 m.kr. á verðlagi vegáætlunar 1987. Fjármagnspörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveimur síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnspörf.

#### 2.2.1.6. Rykbinding.

Árið 1985 var varið til rykbindingar 30 m.kr. á verðlagi vegáætlunar 1987 og voru rykbundnir um 1750 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnspörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 200 bíla á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

#### 2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarlitlaga, því lengur endist það í veginum.

Árlega þarf að vinna um 350 þús. m<sup>3</sup> af slitlagsefni og er þá miðað við að malað efni sé á öllum þjóðvegum. Árið 1985 voru unnir 305 þús. m<sup>3</sup> af malarlitlagsefni.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við að bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlaga.

#### 2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið og fyrir síðustu ár er fjármagnspörf talin um 23 m.kr. árið 1987.

#### 2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til vegmerkinga verði 6 m.kr. á ári. Unnið verður að áframhaldandi endurbótum á vegmerkingum, auk þess sem gert er ráð fyrir auknum kostnaði við viðhald merkjanna.

### 2.2.2. Vetrarþjónusta.

Á meðfylgjandi töflu er sýndur kostnaður við vetrarþjónustu sl. 10 ár. Nýkaup snjótanna sem eru árlega um 9 m.kr. eru ekki meðtalin. Kostnaður er mjög sveiflukennður og hefur hæst orðið 326 m.kr. en lægst 126 m.kr. Það hefur sýnt sig að batnandi vegir og

breyttar umferðar- og flutningsvenjur kalla á aukna þjónustu. Á sl. ári var snjómokstursreglum breytt og þjónusta enn aukin. Miklar breytingar hafa orðið á aðferðum við snjómokstur undanfarin ár sem kemur fram í því að mokstur með vegheflum hefur minnkað en aukist með vörubílum. Aukin notkun vörubíla veldur því að þjónusta batnar þar sem moksturshraði þeirra er mun meiri en einnig er kostnaður verulega lægri.

Ár	Á verðl. vegáætl. m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1977 .....	167	76
1978 .....	207	94
1979 .....	234	107
1980 .....	152	69
1981 .....	287	131
1982 .....	231	105
1983 .....	326	149
1984 .....	289	132
1985 .....	126	58
1986 .....	179	82

Sl. 10 ár hefur meðalkostnaður á ári við vetrarþjónustu skipt á tímabil verið eins og fram kemur hér á eftir.

	Jan. mars	Apríl júní	Júlí sept.	Okt. des.	Samt.
1977—1980 .....	92	37	11	56	196
1981—1984 .....	145	58	10	74	292
1985—1986 .....	57	32	7	58	154

Vegna hagstæðs tíðarfars það sem af er vetri er gerð tillaga um að fjárveiting verði aðeins undir meðallagi árið 1987 eða 207 m.kr.

#### TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA.

Á árinu 1987 er hlutfallsleg skipting fjár milli framkvæmdaliða í samræmi við gildandi vegáætlun. Lækkun fjárveitinga í krónutölu þetta ár svarar nokkurn veginn til þess hluta fjárveitinga í gildandi vegáætlun, sem ekki var skipt á verkefni.

Einstök verkefni eiga því að geta haldið krónutölu sinni, ef ekki koma til breytingar af öðrum ástæðum.

Hin árin (1988—90) er skipting milli framkvæmdaliða í meginráttum í samræmi við tillögu að nýrri langtímaáætlun, sem nú er endurskoðuð í fyrsta sinn. Í langtímaáætlun er kostnaður við brýr á stofnbrautum talinn með kostnaði viðkomandi vegarkafla. Til að hjálpa til við fjármögnun þessara brúa var hluti af brúafé tekinn inn í fjárveitingar til stofnbrauta. Í vegáætlun er visst hagræði að því að halda fjárveitingum til brúa aðskildum frá fjárveitingum til almennra stofnbrauta (sérstök verkefni innihalda fjárveitingar til vega og brúa jöfnum höndum). Slík tilfærsla fjár af stofnbrautum yfir á brýr getur farið fram við meðferð málsins á Alþingi.

#### 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

Við skiptingu fjár á einstaka liði er haldið þeim hlutföllum, sem fram koma í langtímaáætlun. Eru það svipuð hlutföll og gilt hafa undanfarin ár.

### 2.3.1. Til stofnbrauta.

Hér er haldið þeirri skiptingu á verkefnaflokka, sem notuð hefur verið hin síðustu ár og gefið góða raun, þ.e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Eru hlutföll milli flokka svipuð og í gildandi vegáætlun. Fjárveiting til Ó-vega hækkar þó hlutfallslega meira en aðrar fjárveitingar árin 1988—90, þó að sú hækkun dugi ekki til að fjármagna jarðgangagerð í Ólafsfjardarmúla, sbr. athugasemdir við lið d. Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989 m.kr.	1990 m.kr.
1) Almenn verkefni .....	251	235	240	244
2) Bundin slitlög .....	174	170	170	171
3) Sérstök verkefni .....	193	173	175	176
4) Ó-vegir .....	38	57	57	57
5) Reykjavíkursvæðið .....	20	49	52	56

#### 1) Almenn verkefni.

Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Fjárveitingar undir þessum lið geta þó einnig gengið til bundins slitlags í tengslum við nýbyggingu vega svo og til brúa sem bundnar eru vegaframkvæmdum.

#### 2) Bundin slitlög.

Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa, svo og á kafla sem byggðir eru upp fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum.

#### 3) Sérstök verkefni.

Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði viðkomandi verka, þar með talið brúargerð og bundið slitlag.

#### 4) Ó-vegir.

Fjárveiting er í samræmi við tillögu að langtímaáætlun. Framkvæmdum við Óshlíð lýkur að mestu á þessu og næsta ári. Við gerð síðustu vegáætlunar var miðað við að hefja mætti jarðgangagerð í Ólafsfjardarmúla 1988, og var það raunar 1–2 árum fyrr en upphaflega var reiknað með í langtímaáætlun. Þrátt fyrir nokkra hækkun fjárv. til Ó-vega 1988–90 nægja þær hvergi nærri til að standa undir kostnaði við jarðgangagerð. Til að svo megi verða, þarf fjárveitingar af stærðinni 200—250 m.kr. á ári.

#### 5) Reykjavíkursvæðið.

A þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þarfir fyrir úrbætur vaxa því hraðar en almennt á vegakerfinu. Lagt er til að sérstök fjárveiting renni til þessa verkefnis, en það tekur til þjóðvega innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og næsta nágrennis til suðurs, þ.e. til Hafnarfjarðar.

### 2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveiting til þjóðbrauta 1987 er 133 m.kr., en hækkar í 139 m.kr. síðasta ár tímabilsins.

#### 2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum.

Lagt er til að sérstök fjárveiting sem samþykkt var í gildandi vegáætlun til að flýta lög bundins slitlags á þá þjóðvegi í kauptúnum og kaupstöðum, sem enn hafa malarslitlag, haldi áfram út þetta áætlunartímabil. Er við það miðað að verkefni þessu verði þá að mestu lokið. Fjárveiting þessi er 24 m.kr.

#### 2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1986 séu ógreiddar girðingakröfur um 95 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 3600 ha meðfram vegum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa verkefnis verði 14 m.kr. á ári.

#### 2.4. TIL BRÚAGERÐA.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 66 m.kr. 1987, en 67 m.kr. 1988, og 68 m.kr. 1989. Þessar fjárveitingar fela einungis í sér hluta af fjárveitingu til brúa á stofnbrautum. Millifærsla af almennum verkefnum á stofnbrautum til brúa getur farið fram við meðferð málsins á Alþingi.

#### 2.5. TIL FJALLVEGA O.FL.

Verkefni í þessum flokki eru vaxandi, og er lagt til að þau fái nokkra aukningu á síðasta hluta tímabilsins.

##### 2.5.1. Til aðalfjallvega.

Aðalfjallvegir eru taldir um 800 km. Lagt er til að fjárveiting til þeirra verði 5 m.kr. á árinu 1987, en 6 m.kr. á ári 1988–89 og 7 m.kr. 1990.

##### 2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 5 m.kr. á árinu 1987, 5 m.kr. á árunum 1988–89 og 7 m.kr. 1990.

##### 2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 4 m.kr. á árinu 1985–88 og 9 m.kr. árið 1990.

##### 2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 1 m.kr. á árunum 1987–90.

#### 2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA.

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalds við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember næsta ár á undan. Tímakaup þetta var kr. 100,87 þann 1. desember 1985 og kr. 154,53 þann 1. desember 1986 og er ekki miðað við að það tímakaup hækki neitt á árunum 1987–1989.

Samkvæmt vegalögum skal ríkisframlag eigi vera lægra en tveimur og hálfum sinnum innheimt heimaframlög, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. gr. sömu laga, næsta ár á undan.

Ríkisframlag á móti aukaframlögum heimamanna er heimilt en eigi skylt að greiða á viðkomandi ári og er ekki áætlað að greiða neitt af því á árinu 1987, sem tilheyrir því ári. Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1987–1988 áætlaðar eins og hér segir. (Upphæðir í m.kr.)

	1987	1988
Framlög heimamanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	38,2	38,2
Fasteignask. samkv. 23. gr. vegalaga	0,2	0,2
Aukaframlög heimamanna	8,3	8,3
Aukaframlag ríkis á sama ári	0,0	10,4
Aukaframlag ríkis vegna fyrra árs	12,4	19,0
Ríkisframlag samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	62,6	96,0
Samtals	121,7	161,7

## 2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM.

Vegalögum var breytt á Alþingi 14. mars 1983, þannig að framlag til þjóðvega í þéttbýli er ekki lengur bundið við ákveðinn hundradshluta af mörkuðum tekjum Vegasjóðs (12 ½%). Nú er framlagið ákveðið af Alþingi hverju sinni án skilyrða í lögum.

Lagt er til að fjárveitingin verði 124,0 m.kr. árið 1987, en hækki í 135 m.kr. árið 1988 og 141 m.kr. árið 1989.

Samkvæmt vegalögum er ¾ hlutum fjárframlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirri þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinga-nefnd Alþingis samkv. 34. gr. vegalaga. (Upphæðir í m.kr.).

Ár	1987	1988	1989	1990
Heildarframlag .....	124	135	141	145
¼ hluta ráðstafað af fjárveitinga-nefnd Alþingis .....	31	34	35	36
Til skipta samkv. íbúatölu .....	93	101	106	109

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1985 var 216.524. Fjárveiting 1986 var alls 113 m.kr. og upphæð á hvern íbúa kr. 391,41.

## 2.8. TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

### 2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari að vegáætlun 1987–90 er engin sérstök fjárveiting til véla- og verkfærakaupa. Gert er ráð fyrir að afskriftafé véla standi undir kostnaði við endurnýjun á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast en ekki fást leigðar á almennum markaði svo sem vegheflum, tækjum til viðgerða á bundnum slítlögum, vélum til brúagerða o.s.frv.

### 2.8.2. Til bygginga áhaldahúsa.

Engin sérstök fjárveiting er ætluð til byggingar áhaldahúsa en hluti af rekstrartekjum véla og hluti af áhaldaleigu verður varið til þess að sinna aðkallandi verkefnum.

Helstu verkefni eru að ljúka þeim byggingum sem byrjað er á auk breytinga og venjulegs viðhalds á húsum.

## 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting þessi er ½% af tekjum Vegasjóðs. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

## 2.10. ÓRÁÐSTAFAD

Eins og áður er getið miðast niðurstöðutölur árána 1988—90 við 2,4% af þjóðarframleiðslu, eins og langtímaáætlun um vegagerð gerir ráð fyrir. Fjármagni er hér skipt á verkefni sem nemur mörkuðum tekjustofnum. Það sem eftir er, er geymt til skiptingar á verkefni síðar.

### III. UM FLOKKUN VEGA.

#### 3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.-01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1987.

##### 3.2.1. Stofnbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum, sem töldust stofnbrautir samkvæmt vegáætlun 1985–1988.

343 Álfsstétt lengist lítilsháttar, náði áður að höfn.

41 Reykjanesbraut liggir nú ofan við Njarðvíkur- og Keflavíkurkaupstað.

44 Hafnavegur, sá hluti hans, sem var stofnbraut verði þjóðbraut vegna breytts fyrirkomulags á Keflavíkurflugvelli.

46 Víknavegur, nýr sem nafn og númer, en var áður hluti af Reykjanesbraut.

47 Flugvallarvegur Keflavík, sem er nýr og liggur að nýrri flugstöðvarbyggingu.

422 Njarðvíkurvegur breytist lítilsháttar, náði áður að höfn.

56 Kerlingarskarðsvegur. Nýtt nafn og númer, var nær allur hluti af Stykkishólmsvegi, og þjóðbraut.

58 Stykkishólmsvegur. Númersbreyting. Var áður stofnbrautarhlutinn af 56 Stykkishólmsvegi.

Í fylgiskjali 2.3.1.-01. eru vegalengdir stofnbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

##### 3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir samkvæmt vegáætlun 1985—1988.

425 Nesvegur styttist, endar nú á Grindavíkurvegi ofan Grindavíkur.

427 Ísólfsskálavegur var áður hluti af Nesvegi.

577 Helgafellssveitarvegur færirst, vegna breytingar sem varð á legu Snæfellsnesvegar haustið 1986. Gamla leiðin um Berserkjahraun falli niður sem þjóðvegur.

677 Reykhólavegur styttist, náði áður að Stað.

83 Grenivíkurvegur styttist, náði áður að Melum.

802 Garðsvegur er nýr sem nafn og númer, en var hluti af Ólafsfjarðarvegi til ársins 1985.

812 Bakkavegur styttist um kaflann framhjá Arnarnesi.

828 Veigastaðavegur er nýr sem nafn og númer, en var áður hluti af Norðurlandsvegi.

869 Langanesvegur styttist, náði áður að Lóni, og yfirtekur flugvallarveg við Þórshöfn.

875 Flugvallarvegur við Þórshöfn verði hluti af Langanesvegi og fellur þá niður nafnið og númerið. Þá er lagt til að eftirtaldir vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:

417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kónsgefells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.

606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.

634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjaneskóla.

Í fylgiskjali 2.3.2.-01. eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj.2.2.1.-01

**Sumarviðhald þjóðvega.  
Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1987.**

Ár	Viðhalds- kostnaður m.kr.	Lengd þjóðvega km	Viðhalds- kostn. á km þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á þjóðvegum m.km	Kostn. á hvern ekinn kílómetra kr.
1975	490	8386	58,4	71 364	420	1,17
1976	532	8336	63,8	71 459	420	1,27
1977	461	8336	55,3	73 410	449	1,03
1978	574	8409	68,3	78 481	450	1,28
1979	589	8338	70,6	84 141	449	1,31
1980	619	8328	74,3	90 015	472	1,31
1981	590	8316	70,9	95 606	485	1,22
1982	687	8306	82,7	100 936	500	1,37
1983	586	8306	70,6	106 459	485	1,21
1984	723	8269	87,4	108 254	524	1,38
1985	745	8225	90,6	113 202	579	1,29

Fskj.2.3.0.—01.

**Þjóðvegir 1. janúar 1987.**

Kjördæmi	Stofn- brautir km	Þjóð- brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð- vegir km
Suðurlandskjördæmi	493,2	1082,0	14,8	1590,0
Reykjaneskjördæmi	192,6	176,3	72,1*	441,0
Vesturlandskjördæmi	509,3	865,7	13,4	1388,4
Vestfjarðakjördæmi	807,5	512,7	14,8	1335,0
Norðurlandskjördæmi vestra	363,0	715,5	14,4	1092,9
Norðurlandskjördæmi eystra	577,8	609,6	15,2	1202,6
Austurlandskjördæmi	846,8	537,3	27,3	1411,4
Samtals	3790,2	4499,1	172,0	8461,3

\* Lengd þjóðvega í þéttbýli, Reykjavík meðtalin.



Fskj.2.3.0.—02.

**Bundið slitlag 1. janúar 1987.**

	Steypa km	Malbik km	Olíumöl km	Klæðning km	Samtals km
Suðurlandskjördæmi .....		7,44	108,88	230,57	346,89
Reykjaneskjördæmi .....	46,69	51,17	62,86	40,93	201,65
Vesturlandskjördæmi .....		2,81	15,11	167,31	185,23
Vestfjarðakjördæmi .....		9,13		110,80	119,93
Norðurlandskjördæmi vestra .....	0,80			173,81	174,61
Norðurlandskjördæmi eystra .....		11,54		163,04	174,58
Austurlandskjördæmi .....	0,65		10,83	208,18	219,66
Samtals	48,14	82,09	197,68	1094,64	1422,55

Fskj. 2.3.1.—01.

**Stofnbrautir 1. janúar 1987.**

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi .....	8,0	485,2	493,2
Reykjaneskjördæmi .....	6,3	186,3	192,6
Vesturlandskjördæmi .....		509,3	509,3
Vestfjarðakjördæmi .....		807,5	807,5
Norðurlandskjördæmi vestra .....		363,0	363,0
Norðurlandskjördæmi eystra .....		577,8	577,8
Austurlandskjördæmi .....		846,8	846,8
Samtals	14,3	3775,9	3790,2

Fskj. 2.3.2.—01.

**Þjóðbrautir 1. janúar 1987.**

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi .....	2,7	1079,3	1082,0
Reykjaneskjördæmi .....		176,3	176,3
Vesturlandskjördæmi .....	17,4	848,3	865,7
Vestfjarðakjördæmi .....	9,0	503,7	512,7
Norðurlandskjördæmi vestra .....	15,4	700,1	715,5
Norðurlandskjördæmi eystra .....		609,6	609,6
Austurlandskjördæmi .....		537,3	537,3
Samtals	44,5	4454,6	4499,1

Fskj. 2.4.-01.

**Aldur brúa 10 m og lengri**

Byggingartími	Á stofnbrautum	Á þjóðbrautum	Á sýsluvegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910 .....	0	1	1	2	Mannþröng 400 kg á ferm.
1910—1919 .....	4	2	1	7	Mannþröng 400 kg á ferm.
1920—1929 .....	4	8	2	14	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1930—1939 .....	21	38	4	63	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1940—1949 .....	33	42	5	80	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6—20 tonn
1950—1959 .....	95	91	28	214	Vagn 20—34 tonn
1960—1969 .....	73	62	39	174	Vagn 20—34 tonn
1970—1979 .....	96	25	24	145	Vagn 20—63 tonn
1980—1986 .....	36	18	8	62	Vagn 63 tonn
Aldur óviss .....	0	2	2	4	
Samtals	362	289	114	765	

## Sýsluvegir 1. janúar 1987.

	Samkv. a-c lið 19. gr.				Samkv. d-e lið 19.gr. km	Sýslu- vegir alls km	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km			
V.-Skaftafellssýsla .....			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla .....			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla .....			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla .....			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla .....		1,0	87,5	88,5		88,5	
							94,3
Borgarfjarðarsýsla .....		0,4	74,4	74,8	17,3	92,1	
Mýrasýsla .....		7,1	111,8	118,9	35,6	154,5	
Dalasýsla .....	6,9	18,0	54,8	79,7	13,0	92,7	
Snæf.-og Hnappadalssýsla .....	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							492,0
A.-Barðastrandarsýsla .....		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V.-Barðastrandarsýsla .....		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla .....		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla .....		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla .....		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla .....	0,6	7,2	92,4	100,2	66,2	166,4	
A.-Húnavatnssýsla .....		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla .....	15,9	34,5	156,5	206,9	6,9	213,8	
							489,3
Eyjafjarðarsýsla .....	0,2	4,7	102,1	107,0	13,8	120,8	
S.-Þingeyjarsýsla .....		16,1	170,3	186,4	2,3	188,7	
N.-Þingeyjarsýsla .....	1,6	5,0	118,4	125,0		125,0	
							434,5
N.-Múlasýsla .....		34,4	160,8	195,2	35,3	230,5	
S.-Múlasýsla .....		12,1	112,2	124,3	42,5	166,8	
A.-Skaftafellssýsla .....	0,8	2,1	65,0	67,9	27,0	94,9	
							492,2

Fskj. 2.7. — 0.1.

**Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1987.**

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland .....	13,8	0,9	14,7	0,1
Reykjanes .....	27,9	0,5	28,4	1,9
Reykjavík .....	33,9	1,8	35,7	6,1
Vesturland .....	13,2	0,2	13,4	
Vestfirðir .....	14,4	0,4	14,8	
Norðurland vestra .....	12,3	1,3	13,6	0,8
Norðurland eystra .....	14,1	1,1	15,2	
Austfirðir .....	25,0	2,3	27,3	
Samtals	154,6	8,5	163,1	8,9